

2. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hverja tunnu:
Sild, garnir, hrogn, kjöt í tunnum.
3. flokkur. Minnsta gjald kr. 3.00 fyrir hvert stykki, þótt vörur flokkist undir brottfluttar vörur til staðarins, eða vörur flokkaðar undir aðfluttar vörur flytjist frá staðnum, breytir það engu um vörugjaldið.

Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, sem vafasamt þykir hvernig flokka skuli, ákveður hafnarnefnd.

5. gr.

Á eftir 29. grein reglugerðarinnar, sem verður 30. grein, bætist ný grein, sem verður 31. grein og greinatala reglugerðarinnar breytist til samræmis við það, svo hljóðandi:

Greiða skal aflagjald til hafnarinnar, af afla sem landað er á hafnarsvæðinu sem hér segir:

1. flokkur. Gjald kr. 0.80 fyrir hver 100 kg:
Sjávarafurðir lagðar á land, aðrar en sild.
 2. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hvert mál af sild í bræðslu.
 3. flokkur. Gjald kr. 0.75 fyrir hverja uppmælda tunnu sildar í salt og frystingu.
- Gjald þetta er kræft um leið og afla er landað, og ber eigandi skips eða umboðsmaður hans ábyrgð á greiðslu þess. Skyldir eru skipstjórar og formenn að gefa hafnarverði upp heildarafla skips í hvert sinn.

Ef það er ekki gert, skal hafnarvörður áætla aflamagnið og innheimta aflagjald samkvæmt þeirri áætlun.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt á afla, þar til aflagjöld eru að fullu greidd.

Heimilt er hafnarnefnd að semja um aflagjöld heimabáta.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi 1., 2., 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 70 26. júní 1959.

Samgöngumálaráðuneytið, 1. júlí 1964.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Neshreppi utan Ennis.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra og skal ráðningartími hans vera til loka kjör tímabils hreppsnefndar.

2. gr.

Laun sveitarstjóra skulu vera eftir 22. flokki, í tillögum Sambands íslenzkra sveitarfélaga, um laun starfsmanna sveitarfélaga, auk ferðakostnaðar í þágu sveitarfélagsins.

3. gr.

Sveitarstjóri annast öll þau störf, sem oddvita eru falin samkvæmt 39. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 58 29. marz 1961.

4. gr.

Sveitarstjóri skal fara með framkvæmdastjórn, bókhald og fjárreiður fyrir þau fyrirtæki sem hreppurinn þarf að veita forstöðu og annast bókhald fyrir, jafnframt að sjá um aðrar framkvæmdir, er ráðizt verður í á vegum hreppsins á ráðningartíma sveitarstjóra.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. júlí 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrimur Dalberg.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Reykjavík.

1. gr.

Svína- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt er óheimil í Reykjavík nema með sérstöku leyfi borgarráðs.

2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi, skv. 1. gr., skal senda umsókn um það til borgarráðs. Í umsókn skal gera greina fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru, er máli kann að skipta.

3. gr.

Nú telur borgarráð, að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi, og skal þá veita leyfið; má veita það annað hvort til ákveðins tíma eða ákveða tiltekinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

4. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem samþykkt þessi tekur til, skal lögreglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörzlu hans, og er heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því.

Sama gildir, ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifnaði.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 5000.00. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. júlí 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrimur Dalberg.